

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

## 1. gr.

Vatnsgjald íbúðarhúsa og sumarhúsa er kr. 40.323 pr. ein.

Vatnsgjald annarra húsa sem tengst geta vatnsveitu er 0,25% af fasteignamati.

## 2. gr.

Lágmarksheimæðargjald í þéttbýli á Hellu, Rauðalæk, Laugalandi og Þykkvabæ, sem og í stök frístundahús og íbúðarhús í dreifbýli, er kr. 215.000 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar.

Heimæðargjald miðast við að idráttarrör fyrir heimæð, úttekið af starfsmönnum vatnsveitunnar, hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað mannvirkis út fyrir lóðarmörk.

Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og /eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Pvermál rörs</i>	<i>Lágmarksgjald kr.</i>	<i>Verð pr.m. umfram 25 m, kr.</i>
25 mm	215.000	3.743
32 mm	238.100	3.796
40 mm	262.100	3.989
50 mm	286.400	4.290
63 mm	322.000	4.740
75 mm	370.000	4.944
90 mm	405.000	5.480

## 3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal auk vatnsgjalds, greiða sérstakt notkunargjald kr. 31,58 pr. m<sup>3</sup> samkvæmt rennslismæli sem vatnsveitan á og rekur.

Fyrir rennslismæla skal greidd árleg mælaleiga eftir stærð mælis sem hér segir:

32 mm	13.000 kr.
40 mm	15.000 kr.
50 mm	20.000 kr.
63 mm	38.000 kr.
75 mm	53.000 kr.
90 mm	75.000 kr.

## 4. gr.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar.

Að auki skal greiða kr. 145.000 fyrir hvert lögbýli sem óskar tengingar við kaldavatnsveitu.

Þar sem skipulagðar eru 4 eða fleiri orlofshúsaloðir á samfelldu svæði, skal greiða auk alls kostnaðar við dreifilagnir, tengigjald kr. 145.000 pr. hús fyrir fyrstu fjögur húsin, en kr. 48.500 pr. hús eftir það.

Fyrir vatnslögn í landspildu/beitarhólf skal auk útlagðs kostnaðar, greiða kr. 25.000 á hverja tengingu.

## 5. gr.

Vatnsgjald fyrir vatnsnotkun í beitarhólf/landspildu, þar sem ekki er flot- eða skriðlokabúnaður skal vera kr. 60.485 fyrir hvern aftöppunarstað.

Þar sem brynning er með flot- eða skriðlokabúnað viðurkenndan af starfsmönnum vatnsveitunnar, skal vatnsgjald vera kr. 20.162 á hvern aftöppunarstað.

6. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Gjalddagi heimæðagjalda er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda til allt að 18 mánaða frá gjalddaga.

Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

7. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangs-rétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan-genginni skriflegri aðvörðu.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum 1. janúar ár hvert, skv. byggingarvísitölu útgefinni af Hag-stofu Íslands.

Byggingarvísitalan fyrir nóvember 2015 er 127,9 stig.

9. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af stjórn vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps þann 23. nóvember 2015 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitar-félaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2016.

Jafnfraamt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1095/2013.

*Hellu, 23. nóvember 2015.*

**Porgils Torfi Jónsson,**  
formaður stjórnar vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2015